

1

**RANNSÓKNIR Í
FÉLAGSVÍSINDUM V
FÉLAGSVÍSINDEILD**

Rannsókn á fræðastörfum íslenskra félagsráðgjafa

Sigrún Júlíusdóttir

Á síðustu áratugum hefur orðið snörp framvinda í fræðapróun félagsráðgjafa. Saga greinarinnar er um aldarlöng en upphaf hennar tengist samfélagsumbreytingum og áður óþekktum félagslegum aðlögunarvanda sem fylgdi í kjölfar iðnbyltingar og heimstyrjaldanna tveggja. Félagsráðgjöf sótti hugmyndafræði sína til heimspækikenninga og mannúðarstefnu um félagslegan jöfnuð og áherslu á rétt manna til heilbrigðis og mannsæmandi lífs. Siðferðileg gildi og íhlutun um réttarstöðu og velferð skjólstæðinga mörkuðu þannig normatívan grunn fremur en empírískar rannsóknir fyrir mótun fagsins, aðferðapróun og meðferðarstarf með skjólstæðingum. Þessi grunnur hefur verið styrkur og hindrun í senn í fræðilegri þróun greinarinnar (Sigrún Júlíusdóttir, 1996 og 2004). Þótt faglegt nám í félagsráðgjöf hafi víða verið sett á laggirnar um aldamótin, m.a. í Hollandi 1895, þá verður greinin ekki hákólaðag fyrir en seinna. Á Norðurlöndum var möguleiki á fagmenntun til embættisprófs frá 1921 og á doktorsnámi frá 1976 þegar fyrsta prófessorsstaðan í greininni er skipuð í Svíþjóð (Dellgran & Höjer, 2000). Krafa um meistaranám til að stunda faglega viðurkennda félagsráðgjöf hefur verið viðmið í Bandaríkjunum frá 1938. Nám í félagsráðgjöf var sett á laggirnar við Háskóla Íslands um 1980.

Í Evrópu hefur hin akademíska þróun greinarinnar verið öflugust í Svíþjóð. Hin Norðurlöndin hafa fylgt á eftir en með ólíkum hætti og tölurverðum mismun hvað snertir starfstengingu, fræðimennsku og rannsóknapróun (Júlíusdóttir & Petterson 2003 og 2004). Áherslan á samræmda og sambærilega þróun æðra náms innan Evrópu hefur átt sinn þátt í því að umræða um almenn viðmið og gæðakröfur hefur fengið byr undir báða vængi en mikill munur er á skipulagi og gæðum félagsráðgjafarnáms í Evrópu (Wöbecke, 2003). Nauðsynlegt er að hvert land viti hver staða þess er og hvernig megi nálgast sameiginleg viðmið (The Bologna Report, 1999, IASSW/IFSW, 2002; Sewpaul, 2002).

Rannsóknnum hefur vaxið fiskur um hrygg á Norðurlöndum og bera ný samtök og stofnanir þess vitni (vefslóðir Forsa Norden; Is-Forsa). Síðustu ár hafa hugmyndir um nauðsyn gæðamats á rannsóknum á sviði félagsvísinda, ekki síst hinum starfstengdu rannsóknum í félagsráðgjöf, verkað hvetjandi bæði fyrir eflingu þeirra og bætt gæðaeftirlit. Gæðamatsstofnunin Campbell Collaboration (Vefslóð, NC2) hefur þegar haft nokkur áhrif um að stefnumörkun og aðferðaval í félagsþjónustu grundvallist á marktækum rannsóknum (Sigrún Júlíusdóttir ofl., 2004).

Félagsráðgjöf svipar í mörgu til þróunar skyldra, en eldri, starfs- og fræðigreina eins og, hjúkrunar-, lækni-, lög- og sálfræði. Margir virðast bera vissan kvíðboga fyrir því að með aukinni áherslu á rannsóknarpáttinn í félagsráðgjöf viki mannúðin og „handverkið“ fyrir áherslu á „sannreyndar aðferðir“ og að fagið skiptist upp í „fótgöngulið“ og „flugheri“. Fagleg umræða og þróun rannsókna- og fræðiritra í félagsráðgjöf endurspeglar glögggt hvert stefnir en jafnframt örlar ávallt á ákveðinni gjá milli „fræða og fags“. Þetta snýst annars vegar um menntun og sérhæfingu, og virðingarsess útfra því, en líka að áhugi og áhersla á fræðastörf kunni að fylgja einu starfssviði frekar en öðru. Ný rannsókn sem Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa lét vinna í tengslum við 40 ára afmæli félagsins 2004 gefur heildarmynd og marvíslegar upplýsingar sem þessu tengist (IMG Gallup, 2003). BA-verkefni Kristínar Ólafsdóttur (2002) þar sem framkvæmd var símakönnun og rætt við alla félagsmenn gaf sömuleiðis gegnlegar upplýsingar um stöðu fagsins.

Þessi atriði voru megin hvatinn til þess að vinna rannsóknina sem er kynnt hér á eftir. Í kynningunni er greint frá fyrstu niðurstöðum. Nánari úrvinnsla niðurstaðna liggur ekki fyrir en verður birt síðar.

Markmið og aðferð

Meginmarkmið rannsókarinnar var að kortleggja heildarmynd faghópsins hvað áhrærir menntun, starfssvið, starfsþjálfun og rannsóknir til þess að fá vitneskju um *í hvaða mæli og hvernig íslenskir félagsráðgjafar eru fræðilega sinnaðir*. Í þessu felst í hvaða mæli félagsráðgjafar nota fræðilega þekkingu í daglegum störfum sínum og hvernig þekking og reynsla á vettvangi tengist fræðilega hluta námins ásamt því hvernig fagleg störf eru tengd rannsóknum?

Mælikvarði á fagvitund og fræðilega sinnun um þróun greinarinnar, var þátttaka í nýliðun, þ.e. kennsla félagsráðgjafarnema á vettvangi og samvinna við Félagsráðgjöf Háskóla Íslands. Mælikvarðar á fræðilega áherslu var framhaldsnám, áskrift og notkun fræðilegs efnis úr fagtímaritum, þátttaka í

fag- og rannsóknarmálstofum. Mælikvarðar á rannsóknarvirkni voru notkun rannsóknarniðurstaðna í faglegum störfum, sóttar rannsóknaráðstefnur og þátttaka í rannsóknarverkefnum.

Aðferð. Könnunin var framkvæmd fyrri hluta árs 2003 í samvinnu við Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, m.a. tengt 40 ára afmæli SÍF 2004. Spurningalisti var sendur á netinu til heildarfjölda skráðra félaga í SÍF, þ.e., 274 löggildra félagsráðgjafa. Ítrekanir voru endurteknar þar til svarshlutfall var fullnægjandi. Endanlegur fjöldi svara úr heildarþýðinu 274 var 191, eða um 70%.

Spurningalistinn var 60 atriði í 6 hlutum. Í fyrsta hluta voru tíu spurningar um bakgrunnsbreytur. Í öðrum hluta voru tíu almennar staðhæfingar um starfsþjálfun og vægi hennar í náminu. Í þriðja hluta voru þrettán staðhæfingar um forsendur og kröfur í starfsþjálfunarkennslu á vettvangi. Í fjórða hluta voru fimmtán staðhæfingar um eigin reynslu af rannsóknum og fræðastörfum. Í fimmta hluta voru tíu staðhæfingar um almenn viðhorf um stöðu og vægi rannsókna í félagsráðgjöf. Sjötti og síðasti hlutinn var tvær opnar spurningar. Í heild var spurningalistanum vel og vandlega svarað þannig að innra brottfall var lítið.

Með hinni góðu svarsþátttöku endurspeglar svarshópurinn heildarmynd íslenskra félagsráðgjafa og ekki ástæða til fyrirvara um almennar ályktanir um niðurstöður.


Niðurstöður

Kyn svarenda skiptist í 93% konur og 7% karla. Meðalaldur var 45 ár. Í mynd eitt kemur fram að íslenskir félagsráðgjafar eru fremur ungur starfs hópur. Flestir, eða 46%, eru yngra fólk sem hefur minna en 12 ára starfsreynslu, hjá 25% voru meira en 20 ár liðin frá námslokum en hinir dreifðust þar á milli.


Starfssvið. Í mynd tvö kemur fram að stærsti hópur félagsráðgjafa, eða 45%, starfar við félagsþjónustu sveitafélaga, um þriðjungur í heilbrigðisþjónustu og við fötlunarmál, en 18% við stjórnun og fræðslu. Lítil hópur starfar við óvenjulegri félagsráðgjafarstörf.

Menntun og sérhæfing. Í mynd þrjú sést að meiri hluti félagsráðgjafa, eða 62%, hefur lokið fjögurra ára löggildu starfsréttindanámi frá Háskóla Íslands. Um þriðjungur hefur lokið námi á Norðurlöndum og lítill hluti frá öðrum löndum. Um 40% hafa lokið framhaldsnámi, þar af 24% meistaraþráðu


(MSW, MA, MSc, MPH, MPA etc.) og 16% lengra endurmenntunarnámi (2-4 misseri). Nokkrir hafa doktorspróf.




Mynd 1. Fjöldi ára frá útskrift. Starfsaldur.



Mynd 2. Starfssvið.



Mynd 3. Framhaldsnám.



Mynd 4. Starfsþjálfunarkennsla. Fjöldi skipta.

375

Starfsþjálfunarkennarar. Á mynd fjögur kemur fram að nákvæmlega helmingur svarenda hefur tekið að sér starfsþjálfunarkennslu og ívið fleiri hafa hlotið þjálfun sem verðandi starfsþjálfunarkennarar við Félagsráðgjöf Háskóla Íslands. Hinn helmingurinn hafði enga reynslu af starfsþjálfunarkennslu en meiri hluti þess hóps, eða 64% gaf upp að „þeir hefðu hugleitt það“.

Almenn viðhorf um vægi starfsþjálfunar í félagsráðgjafarnámi

Viðhorf til þess vægis sem félagsráðgjafar telja að starfsþjálfun skuli hafa í náminu kemur glöggt fram í töflu 1.

Tafla 1. Almenn viðhorf um vægi starfsþjálfunar. Hlutföll. N=191.

	Sammála	Hvorki	Ósammála	Samtals
Aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að taka nema	70	15	15	100
Allir félagsráðgjafar ættu að geta tekið nema	24	11	65	100
Starfsþjálfun er jafn mikillvæg og fræðilegi hluti námsins	87	5	8	100
Starfsþjálfun þarf að tengjast fagbróun og rannsóknnum	81	13	6	100
Starfsþjálfuninni þarf að gera hærra undir höfði en nú er gert í félagsráðgjafarnámi við H.Í.	44	39	17	100
Starfsþjálfun fær of mikið vægi/hlutfall í náminu (1,5 misseri af 8)	4	19	77	100
Starfsþjálfunin er besta tækid til að móta sterka starfsímynd	73	19	8	100
Starfsþjálfunin er heppilegt tæki til að móta vitund um gildi þess að tengja faglegt staft við fræðilega þekkingu og rannsóknir	90	5	5	100
Starfsþjálfunin er heppilegt tæki til að þjálfa rannsóknarfærni	54	28	18	100
Starfsþjálfunin ætti í meira mæli að felast í æfingum/klínískri þjálfun í kennslu í H.Í.	28	31	41	100

Langflestir, eða 90% álíta vettvangsþjálfun vera heppilegt tæki til að móta vitund um gildi þess að tengja faglegt starf við fræðilega þekkingu og rannsóknir, en um 75% álítur starfsþjálfunina besta tækið til að móta sterka fagmynd. Þannig álíta líka flestir eða 87% starfsþjálfunina jafn mikilvæga og fræðilega hlutann í námi félagsráðgjafa og mjög fáir eru sammála staðhæfingu um að hún fái of mikið vægi í námstímanum. Meiri hluti eða 70% álítur að aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að geta tekið nema. Hins vegar telur fremur lítill hluti, eða 17%, að starfsþjálfuninni þurfi að gera hærra undir höfði en nú er gert við Háskóla Íslands. Innan við þriðjungur er sammála því að starfsþjálfunin ætti í meira mæli að felast í æfingum/klínískri þjálfun í kennslu innan HÍ og 41% eru beinlínis ósammála því. Rúmlega helmingur svarenda telur starfsþjálfunina heppilegt tæki til að þjálfra rannsóknarfærni en hinir eru óvissir eða ósammála (á fjórða ári vinna nemendur rannsóknarverkefni tengt starfsþjálfun).

Um framkvæmd starfsþjálfunarkennslu á vettvangi

Eins og fram kemur í töflu 2 gefur svarsmynstrið í þessum hluta samræmda heildarmynd. Langflestir félagsráðgjafar eru sammála því að forsenda þess að starfsþjálfun heppnist sé að starfsþjálfunarkennari hafi ánægju af að miðla þekkingu sinni, hafi trausta starfsmynd og finni til ábyrgðar gagnvart nýliðun í greininni ásamt því að HÍ undirbúi starfsþjálfunina og fylgi henni markvisst eftir í nánu samstarfi (fundir, málstofur, rannsóknasamvinna). Sömuleiðis er samhljómur um mikilvægi þess að hlutverk starfsþjálfunarkennara sé formlega viðurkennt innan eigin stofnunar, þeir fái laun fyrir verkefnið og að það sé formlegur samningur milli stofnunar og HÍ ásamt því að HÍ geri strangar kröfur og velji út heppilega starfsþjálfunarkennara. Minna vægi fá atriði eins og að starfsþjálfunarkennari sé formlega viðurkenndur af HÍ og einnig að hann sinni sjálfur fagþróunar- eða rannsóknarverkefnum.

Um eigin reynslu félagsráðgjafa af rannsóknum

Svörin í þessum hluta sýna all breiða mynd af margvíslegum tengslum við fræði og rannsóknir eins og fram kemur af töflu 3. Þegar atriðin eru skoðuð eftir tíðni er algengast að þátttakendur séu (alltaf eða oft) sammála staðhæfingunni um notkun netsins til að afla fræðilegrar þekkingar. Rúmlega helmingur les fagtímarit um efni tengt faglegu starfi en heldur minni hluti, eða 39%, styðst við niðurstöður rannsókna í daglegum störfum og miðlar fræðilegu efni til samstarfsfólks og nema.

Tafla 2. Um framkvæmd starfsþjálfunar á vettvangi. Hlutföll. N=191.

	Sammála	Hvorki	Ósammála	Samtals
Merktu við um álit þitt á eftirfarandi atriðum um það sem þér finnst skipta máli til að starfsþjálfun í félagsráðgjafarnámi heppnist;				
Að starfsþjálfunarkennari hafi hlotið þjálfun frá Félagsráðgjöf H.Í.	75	16	9	100
Að starfsþjálfunarkennari hafi trausta starfsmynd	95	2	3	100
Að starfsþjálfunarkennari hafi ánægju af að miðla þekkingu sinni og reynslu	96	1,5	2,5	100
Að starfsþjálfunarkennari finni til ábyrgðar gagnvart nýliðun í greininni (efla hana og stækka)	96	1,5	2,5	100
Að hlutverk starfsþjálfunarkennara sé formlega metið á vinnustaðnum (t.d. ákv. starfshlutfall eða skilgreind staða)	87	8	5	100
Að starfsþjálfunarkennari fái laun fyrir verkefnið	90	5	5	100
Að starfsþjálfunarkennari sé viðurkenndur sem (stunda)kennari í H.Í.	43	31	26	100
Að starfsþjálfunarkenni sinni (fag) þróunar- eða rannsóknarverkefnum samhliða starfi	41	34	25	100
Að stofnunin sem tekur nema sækist eftir verkefninu	72	24	4	100
Að náíð samstarf sé á milli starfsþjálfunarkennara og H.Í. (fundir, málstofur, rannsóknarvinna)	88	9	3	100
Að formlegur samstarfssamningur sé gerður milli stofnunar og H.Í.	86	12	2	100
Að Félagsráðgjöf H.Í. undirbúi og fylgi starfsþjálfun markvisst eftir á tímabilinu	95	3	2	100
Að Félagsráðgjöf H.Í. geri strangar kröfur og velji út heppilega/ óheppilega starfsþjálfunarkennara	83	11	6	100

Tafla 3. Um rannsóknir og félagsráðgjafarstörf. Hlutföll. N=191.

	Alltaf	Stundum	Aldrei	Samtals
	Oft	Sjaldan		
Merktu við í hvaða mæli eftirfarandi á við um þig:				
Tek þátt í fræðslustarfi SÍF (fundum og ráðstefnum)	36	61	3	100
Sæki aðrar fag- fræðiráðstefnur	48	51	1	100
Sæki erlendar fagráðstefnur	14	61	25	100
Sæki erlendar rannsóknarráðstefnur	3	48,5	48,5	100
Styðst við niðurstöður rannsókna í daglegum störfum	39	60	1	100
Nota netið til að afla fræðilegrar þekkingar	60	39	1	100
Les tímaritsgreinar um efni tengt daglegum störfum	53	47	0	100
Miðla fræðilegu efni til nema sem eru í starfsþjálfun hjá öðrum	14	59	27	100
Miðla fræðilegu efni til samstarfsfólks	38	60	2	100
Vinn að fagþróunarverkefnum í tengslum við fagleg störf	29	61	10	100
Vinn að rannsóknarverkefnum í tengslum við fagleg störf	11	52	37	100
Hef aðstöðu til að sinna fræðilegum verkefnum	12	70	18	100
Hef áætlanir um að vinna fagþróunar- eða rannsóknarverkefni	40	53	7	100
	Já	Nei	Á ekki við	Samtals
Er áskrifandi að erlendu faglegu tímariti, öðru en N.S.A.	26	73	1	100
Miðla fræðilegu efni til eigin nema í starfsþjálfun	37	2	61	100

Tæpur helmingur sækir fagfræðilegar ráðstefnur en aðeins lítill hluti eða 14% sækir erlendar fagfræðilegar ráðstefnur og enn færri erlendar rannsóknaráðstefnur. Rúmur fjórðungur er áskrifandi af erlendu fagúmariti. Þótt aðeins 12% segist hafa aðstöðu til að sinna fræðilegum verkefnum og svipaður fjöldi, eða 11%, segist í reynd vinna að rannsóknarverkefnum í tengslum við dagleg störf þá segjast mun fleiri, eða tæpur þriðjungur vinna að fagþróunarverkefnum tengdum starfinu og um 40% segjast hafa fyrirætlanir um að vinna að fagþróunar- eða rannsóknarverkefnum

Tafla 4. Almenn viðhorf til rannsókna og fræðimennsku í félagsráðgjöf. Hlutföll. N=191.

	Sammála	Hvorki	Ósammála	Samtals
Félagsráðgjafar almennt ættu að taka meiri þátt í rannsóknarstarfi	85	14	1	100
Yfirmenn þurfa að auðvelda félagsráðgjöfum að sinna rannsóknum samhliða starfi	88	11	1	100
Félagsráðgjafar þurfa betri fræðilegan undirbúning til að geta sinnt rannsóknarstörfum	47	31	22	100
Þátttaka í rannsóknarstarfi er öflug leið til að styrkja stöðu fagsins	95	3	2	100
Rannsóknir eru mikilvægur hluti í starfi félagsráðgjafa sem fagmanns	79	17	4	100
Þátttaka í rannsóknarstarfi skiptir miklu fyrir starfsfullnægju	57	32	11	100
Það er mikilvægt að tengja rannsóknir og fagleg störf í náminu við H.Í.	92	6	2	100
Rannsóknir og fræðileg áhersla er of mikil í námi félagsráðgjöf við H.Í.	5	46	49	100
Aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að stunda eigin rannsóknir	22	32,5	45,5	100
Það er hægt að vera góður fagmaður án þess að byggja á fræðipækkingu	16	13	71	100

Viðhorf til rannsóknavinnu og fræðastarfa í félagsráðgjöf

Af töflu 4 má sjá að almenn viðhorf til rannsóknavinnu og fræðastarfa í félagsráðgjöf reyndust mjög jákvæð þegar á heildina er litið. Langflestir eða 88-95% eru sammála staðhæfingum um að þátttaka í rannsóknum sé öflug leið til að styrkja stöðu fagsins, það sé mikilvægt að tengja rannsóknir og fagleg störf náminu í HÍ. Meiri hluti, eða 85%, er einnig sammála því að félagsráðgjafar ættu að taka meiri þátt í rannsóknastarfi og að rannsóknir séu mikilvægar hluti í starfi félagsráðgjafa sem fagmanns en telja að yfirmenn þurfi að auðvelda félagsráðgjöfum að sinna rannsóknum samhliða starfi. Rúmum helmingi finnst að þátttaka í rannsóknum skipti miklu fyrir starfsfullnægu en um þriðjungur er óviss um álit sitt á því. Í samræmi við þessi svör er líka meiri hluti, 70%, ósammála því að það sé hægt að vera góður fagmaður án þess að byggja á fræðilegri þekkingu og fáir eru sammála því að of mikil áhersla sé á fræðilega þekkingu og rannsóknir í félagsráðgjafarnámi, en 46% eru þó óviss. Svo virðist sem flestir félagsráðgjafar áliti menntun sína nægilegan undirbúning til að stunda rannsóknastörf, en þó telja 22% að aðeins sérþjálfaðir félagsráðgjafar ættu að stunda rannsóknir. Visbendingar eru um að félagsráðgjafar með lengri starfsaldur taki dýpra í árinna um vægi rannsókna og fræðastarfa og sinni þeim meira.

Opnar spurningar

Nær allir svöruðu opnu spurningunum ítarlega, annarti þeirra eða báðum. Í hinni fyrri voru þátttakendur beðnir að nefna þrjú atriði sem þeir töldu vera mælikvarða á faglegri færni. Svöruðu henni 188 samviskusamlega og útskýrðu oft álit sitt nánar. Atriðunum sem nefnd voru var skipt í fimm flokka: *Nám*. Formlegt nám til meistaraþráðu; sérhæfð endurmenntun. *Eigin fagþróun og starfsmynd*. Að þróa sig gegnum (fag)handleiðslu; fylgjast með nýrri þekkingu; sækja fundi og málþing; tengja sjálfur fræði og fag; faglegt innsæi og vökull áhugi; þekkja eigin takmörk og setja mörk í starfi. *Fagbeiður og síðvitund*. Viðurkenning og virðing fyrir faglegum gildum félagsráðgjafar og virðing gagnvart skjólstaðingum; beita heildarsýn og kerfisnálgun í samræmi við grunnhugmyndafræði félagsráðgjafar. *Aðferðafærni*. Færni í samskiptum, greiningu, mati og viðtalstækni. *Starfsumhverfi*. Metnaðarfullur og fær yfirmaður; styðjandi og hvetjandi andrúmsloft.

Í seinni spurningunni voru þátttakendur inntir eftir eigin tillögum um starfsþjálfun og rannsóknarþróun. Þeir 72 sem svöruðu settu fram margvíslegar hugmyndir, oft í löngu máli. Svörin voru flokkuð í eftirfarandi fimm þemu: Starfsþjálfun er *veigamikill hluti félagsráðgjafarnámsins* og markvissasta

leiðin til að skapa faglega færni; þjálfá *beitingu aðferða* í félagsráðgjöf m.a. heildarsýn, þverfaglegt samstarf, teymisvinnu og faglega beitingu úrræða og aðferða; *opna breiða sýn* í daglegu starfi félagsráðgjafans með því að nemar myndi tengsl við mörg kerfi og margar samvinnustofnanir; *veita rannsóknarþjálfun* sem er vettvangstengd og hefur raunverulegan tilgang; háskóla-kennarar í félagsráðgjöf eru mikilvæg *fyrirmynd* í fræðunum en starfsþjálfunarkennarar þurfa að beita sér meira í mótun fagímýndar, á vettvangi og í stundakennslu.

Samantekt, umræða og ályktanir

Niðurstöður rannsókna á heildarfjölda íslenskra félagsráðgjafa eru í stuttu máli þessar: (i) tiltölulega hátt hlutfall hefur framhaldsmenntun að loknum löggildum starfsréttindum. (ii) Almennur áhugi og fræðileg sinnun um þróun greinarinnar kemur glögglega fram í virkri þátttöku í nýliðun greinarinnar. (iii) Viðhorf félagsráðgjafa til fræðastarfa eru mjög jákvæð þegar á heildina er litið. Yfirgnæfandi meiri hluti telur rannsóknir öfluga leið til að styrkja fagið og finnst að félagsráðgjafar ættu að taka meiri þátt í rannsóknarstarfi. (iv) Borðið saman við það eru tengsl félagsráðgjafa við fræði í daglegum störfum og rannsóknavirkni þeirra í reynd fremur lítil.

Svörin við opnu spurningunum gáfu samstæða heildarmynd og samhljóða viðhorf sem í raun endurvörpuðu og staðfestu bundnu svörin.

Verða nú þessar meginniðurstöður skoðaðar nánar og leitast við að draga af þeim ályktanir. Hvað áhrærir menntun félagsráðgjafa er óhætt að segja að sókn þeirra bæði í endurmenntun og formlegt framhaldsnám til háskólagráðu auk sérhæfingar er mikil, ekki síst miðað við hversu nýlegt námið er hér á landi. Aðeins 13 ár eru liðin síðan fyrst var ráðinn lektor til að móta námið og prófessor hefur verið í greininni í fimm ár. Svo virðist sem hlutfall þeirra sem ljúka formlegri framhaldsgráðu, þ.e. til meistara- og doktorprófs, fari ört vaxandi. Frá því könnunin var send út er kunnugt um að tveir (till viðbótar) hafa lokið doktorsprófi og vitað er um þrjá að auki sem stunda doktorsnám erlendis. Um 23% svarenda segist hafa lokið meistara- og doktorgráðu í félagsráðgjöf eða á sviði tengdu starfinu (stjórnun, heilbrigðisfræði, ákveðið meðferðarform osfrv). Hlutfallslega færri á sviði félagsþjónustu en á öðrum starfsviðum félagsráðgjafar luku meistaranámi en þeir sóttu hins vegar frekar endurmenntun. Í könnun Kristínar Ólafsdóttur (2002) kom fram að rúm 20% höfðu lokið meistara- og doktorgráðu árið 2000 og einnig var skipting milli starfssviða svipuð. Í áðurnefndri IMG könnun (2003) kom fram mun lægri tala, þ.e. um

17%, sem sögðust hafa lokið framhaldsnámi (í félagsráðgjöf). Hins vegar höfðu 92% stundað framhaldsnám eða sótt námskeið s.l. tvö ár. Hlutfall félagsráðgjafa erlendis sem hafa lokið meistaranámi, t.d. í Svíþjóð er mun lægra, eða 7%. Hlutfall þeirra sem hafa lokið doktorsprófi þar er á hinn bóginn mun hærra (Dellgran & Höjer, 2000 og 2003).

Árið 2003 var í fyrsta sinn boðið uppá framhaldsnám til MSW gráðu við Háskóla Íslands. Fimmtán stunda nú námið, flestir af heilbrigðis- og skóla--sviði en þrír úr félagsþjónustu. Álíka stór hópur stundar einstaklingsbundið MA-námi, meiri hluti á sviði öldrunarfræða. Möguleiki á framhaldsnámi hér-landis er mikilvæg forsenda, ekki síst þar sem um kvennastétt er að ræða. Annað sem verkar vafalaust hvetjandi er nýleg reglugerð um sérfræðiréttindi. Samkvæmt henni er gerð krafa um meistaraþróf og birtingu fræðilegrar rit-smíðar.

Áhugi og viðurkenning starfsþjálfunarkennara á vægi nýliðunar í faginu og samstarfi við HÍ í því efni kemur fram í því að helmingur félagsmanna hefur reynslu sem starfsþjálfunarkennari og ekki minna en 64% hins helmingsins kvaðst hafa „hugleitt það“. Þessi virka þátttaka og ákveðnu skoðanir benda vissulega til sterkrar fagvitundar og ábyrgðarkenndar gagn-vart þróun greinarinnar eins og líka er staðfest í opnu svörunum. Hér kemur vafalaust margt til. Eitt er að margir af reyndari félagsráðgjöfunum hafa hlotið menntun sína erlendis og kunna því að hafa sérstakan áhuga á að miðla og láta til sín taka í náminu hér heima. Þá er vert að nefna að félags-ráðgjöf Háskóla Íslands hefur mótað markvissa stefnu í að byggja upp, styðja og halda í fastan hóp starfsþjálfunarkennara. Haldin eru regluleg námskeið fyrir þá að kostnaðarlausu og gerðir hafa verið samstarfssamningar við fjölmargar stofnanir um vettvangsþjálfun og rannsóknarverkefni nema. Haldnar eru fræðilegar málstofur og fundir með starfsþjálfunarkeninurum þar sem lærdómsferli nema er fylgt eftir. Í samvinnu við starfsþjálfunarkennara hafa verið mótuð matstæki og viðmið um framvindu og námsmat. Þannig hafa þeir einnig orðið virkir þátttakendur í stefnumörkun um inntöku, faglega hliðarvörslu og samþættingu fræða og fags (Sigrún Júlíusdóttir ofl. 2002). Þótt þessi vinna sé krefjandi fyrir litla háskólagrein skilar hún sér í gildi þeirrar sérþekkingar sem byggist upp með samfellunni. Sparnaður verður á tíma og kröftum þegar til lengri tíma er litið, auk þeirrar starfsfullnægu sem slíkt „foreldrasamstarf“ skilar. Smæð faghópsins skiptir hér vafalaust líka miklu. Nálægð við náungann er mikil og „við-tilfinning“ um að vinna að sama marki þróast auðveldar. Í norrænu samstarfi um félagsráðgjafarnám hefur starfsþjálfunarkennsla verið áleitð viðfangsefni. Fram hefur komið að oft reynist þar erfitt að fá reynda félagsráðgjafa til að

taka að sér þetta hlutverk oftast en einu sinni. Flestir eru þó jákvæðir gagnvart því og hafa prófað það, einkum á fyrri hluta starfsferilsins, en finnst það síðan mikil ábyrgð og of krefjandi með þungu starfi (Yng, 1998).

Hin almenna ánægja sem fram kemur með sess starfsþjálfunar, tímalengd hennar og vægi í náminu þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess sem vikið var að hér að framan um áhuga og virka þátttöku félagsráðgjafa í mótun og framkvæmd starfsþjálfunar.

Hvað viðvikur hugmyndum um hvað skipti mestu til að starfsþjálfun heppnist vel virðist í stuttu máli sem aðstaða, þ.e. ytri umgjörð og stuðningur auk eigin hæfni vegi þyngra en formlegur sess að mati félagsráðgjafanna.

Mælikvarðar á fræðimennsku og rannsóknarvirkni benda til að jákvæðar hugmyndir og viðhorf félagsráðgjafa í þeim efnum gangi mun lengra en starfsemi þeirra í reynd. Vísbendingar eru um að reyndari félagsráðgjafar sýni meiri samkvæmni í viðhorfum og verki en þeir yngri. Þetta kann að tengjast því að áhugi á skjólstæðingsvinnu höfði sterkar í upphafi starfsferils en reynslan kenni að fræðileg þekking styrki í þungu starfi og að rannsóknar-spurningar vaxi fram úr reynslunni. Það er umhugsunarefni að bæði sókn í framhaldsnám og virkni í fræðastörfum og rannsóknum virðist frekar tengjast einum starfsvettvangi en öðrum innan fagsins. Hugsanlegt er að skjólstæðingsvinna höfði meira til sem þess hóps sem ræðst til starfa í almennri félagsþjónustu og að fagumhverfið býr ekki að hefð fyrir rannsóknarvinnu líkt og t.d. heilbrigðisþjónusta. Þetta atriði þarfnast frekari rannsókna. Eins og sagt var frá í inngangi er aukin krafa um sannreyndar rannsóknir til grundvallar stefnumörkunar og aðferðavals í félagsþjónustu líkleg til að hafa hér vaxandi áhrif (Mullen, 1993).

Fyrstu niðurstöður þessarar könnunar veita mikilvægar upplýsingar um stöðu og þróun greinarinnar. Þær benda bæði til styrkleika og veikleika. Styrkurinn kemur fram í ákveðnum og samfelldum hugmyndum um faglega færni og fagsiðfræði en ekki síður á hugmyndalegri áherslu þeirra á vægi fræðilegrar þekkingar og rannsókna fyrir greinina. Annars staðar hefur einnig komið fram að félagsráðgjafar búa yfir meiri þekkingu á handleiðslumálum en skyldar hjálparstéttir (Sigrún Júlíusdóttir, 2000). Þeir eiga kost á handleiðslu sjálfir í 77% tilvika og nýta sér það (IMG Gallup, 2003).

Nokkur atriði geta bent til ákveðinna efasemda eða eigin óöryggis gagnvart rannsóknarverkefnum.

Það vekur athygli að flestir telja að félagsráðgjafar *attu* að taka meiri þátt í rannsóknum og að rannsóknir *attu* að vera órofa þáttur í faglegu starfi félagsráðgjafa en mun færri telja þetta þó forsendu fullnægju í starfi. Um 40% segiast hafa hug á að sinna fagþróunar- eða rannsóknarverkefnum en aðeins

11% gera það í reynd. Tæpur fjórðungur telur að þurfi meiri þekkingu til að stunda rannsóknir, en benda má á að nemendur í félagsráðgjöf taka öll námskeið í rannsóknaraðferðum félagsvísinda í grunnnámi og eitt sérnámskeið um rannsóknir í félagsráðgjöf að auki. Þar er sérstök áhersla á hlutverk rannsókna og tengsl við fagmennskuhugtakið. Lang flestir telja að yfirmenn ættu að auðvelda rannsóknarvinnu samhliða starfi. Þrátt fyrir að mikill samhljómur sé um vægi starfsþjálfunar fyrir tengingu fræða og fags þá er minna um að hún sé talin besta tækið til að móta sterka fagímýnd. Ákveðið misræmi kemur einnig fram í því að rúmur helmingur félagsráðgjafa álitur að starfsþjálfunin sé heppilegt tæki til að þjálfra rannsóknarhæfni og 90% að hún sé heppileg til að skapa vitund um vægi tengingar fræðimennsku og fags, en aðeins 40% telja eigin þátttöku starfsþjálfunarkennara í rannsóknarverkefnum skipta máli til að starfsþjálfun þjóni tilgangi. Þessi atriði gætu endurspeglad óvissu og togstreitu um áherslur, m.a. þegar móta skal starfsímýnd nemenda.

Svarið við rannsóknarspurningunni *í hvaða mæli og hvernig íslenskir félagsráðgjafar eru fræðilega sinnaðir* er í hnotskurn að þeir láta sér annnt um fagþróun félagsráðgjafar, eru fræðilega mjög jákvætt sinnaðir en rannsóknáhersla þeirra er meiri í viðhorfum en í verki. Þessar niðurstöður eru mikilvægar fyrir félagsráðgjöf Háskóla Íslands. Þær gefa tilefni til að íhuga hvernig stuðla megi að því að sú undirbúningsþekking til rannsóknar- og fræðastarfa sem aflað er í náminu nýtist betur í starfi. Niðurstöðurnar ættu einnig að gagnast fagfélagi og starfandi félagsráðgjöfum til að ræða markvissari nýtingu á hinum jákvæðu fræðilegu viðhorfum. Hugsanlegt er að hugmyndagrunnur fagsins sem vikið var að í upphafi eigi sinn þátt í ákveðnu ósamræmi sem kom fram milli þess sem er í orði og á borði. Það tekur hins vegar skemmri tíma að breyta framkvæmd en viðhorfum og er því full ástæða til að vera bjartsýnn um vaxandi rannsóknavirkni og sköpun eigin þekkingar í félagsráðgjöf. Í því ferli eru starfsþjálfunarkennarar í lykilstöðu þar sem þeir tengja námið, fræðin og starfið á svo virkan hátt.

Heimildir

- Dellgran, P. & Höjer, S. (2000). *Kunnskapsbildung, Akademisering och Professionalisering i Socialt Arbete*. Akademisk avhandling. Göteborgs Universitet.
- Dellgran, P. & Höjer, S. (2003). "Unbalanced Professionalisation. On Status and Stratification in Swedish Social Work". *Social Work in Europe*, 10(2), 37-48.
- IASSW/IFSW (2002). Discussion document on Global Qualifying Standards in Social Work. Home Page.
- IMG Gallup (2003). *Launa - og viðhorfskönnun fyrir Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa*. Skýrsla Nóvember 2003. Reykjavík: IMG Gallup
- Júlíusdóttir, S (1999). Social Work Competence in the Competence Society: Professional Survival. *Issues in Social Work Education*, 19(1), 75-93.
- Júlíusdóttir, S., Hrafnadóttir, S. & Kristjansdóttir, B. (2002). Student Practice Placement as Gatekeepers to the Profession. Í Shadlow S.M. and Doel M. (eds) *Learning to Practice Social Work*. London: Jessica Kingsley Publishers. 110-130.
- Júlíusdóttir, S. (2004). Theorizing practice - target and tools in the transformation process. *Nordic Conference for Social Work Education/ SSKH Konferencerapport Notat 1/2004*, 31-47.
- Júlíusdóttir, S. & Petterson, J. (2003). Common Social Work Education Standards in the Nordic Countries - opening an issue. *Social Work and Society*, 1(1).
- Júlíusdóttir, S. & Peterson, J. (2004). Nordic Standards revisited. *Journal of Social Work Education*. In press.
- Kristín Ólafsdóttir (2002). *Félagsráðgjöf. Sérfræðigreinin í takt við tímann*. Óbirt BA-ritgerð:Háskóli Íslands.
- Mullen, E. J. (1993). The Complementarity between social work practice and research. In S.Berengarten (Ed.), *The Columbia University School of Social Work: A History of social pioneering*. Vol.Monograph 5. New York: The Columbia University School of Social Work.
- Sewpaul, V. (2002). Discussion document on global qualifying standards for social work education and training. *Chile: The Global Minimum Qualifying Standards Committee*.
- Sigrún Júlíusdóttir, (1996). Utbildning i socialt arbete. *Nordisk Socialt Arbeid*, 16(1), 61-69.
- Sigrún Júlíusdóttir, (2000). Handleiðslumál fagfólks á Íslandi. *Sálfræðiritið. Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 6, 51-63.

- Sigrún Júlíusdóttir, Gísli Árni Eggertsson og Guðrún Reykdal. (2004).
Gæðamat í félagsvísindum-sjónarhorn félagsráðgjafa. *Sálfræðiritið. Tímarit
Sálfræðingafélags Íslands*, 9, 111-124.
- The Bologna Report. Ministers of education in the European Countries
(1999). *The Bologna Report. The European Space for Higher Education*.
- Wöbecke, M. (2003). The social work profession and education in Europe.
The 2.nd Annual EUSW Network conference *European Social Work:
Commonalities and Differences*, Vorarlberg, June 26.-28th. Óbirt handrit.
- Yng, H. (1998). Recruitment, continuity and the problem of turnover of
practice teachers in social work education. *Conference on Social Work
Education. Stavanger, April 16-19th*. Óbirt handrit.

Vefslóðir:

<http://:starfsfolk.khi.gkrist/isforsa.htm>

www.uta.fi/laitokset/sospol/eval2002/CampbellContext.PDF;

www.NC2.net

Forsa Norden www.forsa.nu;